

Vandi heilbrigðiskerfisins 21. des. 2014

Í deilunni um launakröfur lækna á hendur skattgreiðendum er alið á ótta okkar við dauðann og klórað í samvisku okkar; bregðumst við þeim, sem eru lasnir? (Það mega lækna raunar ekki samkvæmt eiðstöfum sínum.) En vandi heilbrigðiskerfisins er ekki nýr af nálinni og biðlistar eftir ýmis konar þjónustu hafa tilhneigingu til að lengjast, eftir því sem meira fé er veitt til heilbrigðiskerfisins. Það gæti verið fróðlegt að skoða, hvað Vilhjálmur Egilsson sagði um þetta fyrir hart nær þrem áratugum síðan:

„Heilbrigðiskerfið býr við þann grundvallarvanda að þriðji aðili, ríkið, þarf að greiða mest allan kostnaðinn af því sem lækarnir ákveða að gera fyrir sjúklinganna. Slíkt leiðir alltaf til þess að ásókn verður í að eyða meiru og meiru í heilbrigðisþjónustuna. Ennfremur verður uppbygging hennar mótuð samkvæmt vilja lækna og áhuga þeirra á einstökum sjúkdómum og sjúklingum. Sífelld stærri hluti þjóðarframleiðslunnar fer til heilbrigðismála. Á árinu 1970 var hlutfallið 5.1% en á árinu 1981 var þetta hlutfall komið upp í 7.5% og virðist enn fara hækkandi. Möguleikarnir til að eyða peningum í heilsugæslu eru óþrjótandi og hvert einasta mál er „gott mál.“ Einhvers staðar verður þó að draga markalínuna og segja má að nú [1985] viljum við ekki meira.“ (Bl.15.)

„Í heilbrigðismálum þarf að skilgreina betur þau markmið sem við höfum. Mikill hluti af heilbrigðisútgjöldunum fer í að framlengja líf sjúklinga um nokkra mánuði. Það er spurning hvort þessum útgjöldum sé betur varið á öðrum sviðum, en aðalmálið er að útgjöld okkar til heilbrigðismála hafa aukist nánast markmiðslaust. Við höfum ekki viljað horfast í augu við að velja og hafna, draga markalínurnar þar sem við teljum að nóg sé að gert. Sífelld mikilvægara verður að koma böndum á þá óþarfa eyðslu sem fylgir því að þriðji aðili, hið opinbera, borgi reikninginn fyrir þjónustuna sem lækna og sjúklingar ákveða.“ (Bl.18-19.) Vilhjálmur Egilsson. Velferðarþjóðfélag á villigötum. Félagsleg aðstoð við fullfrískt fólk. (Rvk. 1985, Heimdallur).